

Góður rekstur og sterk fjárhagsstaða

Fjórði ársfjórðungur (4F)

- Rekstrartekjur á 4F 2024 voru 105,2 m€ samanborið við 101,7 m€ á 4F 2023.
- EBITDA nam 18,3 m€ á 4F samanborið við 18,5 m€ á sama tímabili 2023.
- Hagnaður á 4F var 16,0 m€ samanborið við 8,8 m€ á 4F 2023

Árið 2024

- Rekstrartekjur ársins 2024 voru 389,4 m€ samanborið við 437,2 m€ árið 2023.
- EBITDA ársins 2024 var 65,3 m€ (16,8%) en var 97,2 m€ (22,2%) árið 2023.
- Hagnaður ársins 2024 var 40,5 m€, en var 62,9 m€ árið áður.
- Hagnaður á hlut var 0,021 € en var 0,033 € árið 2023.
- Heildareignir í árslok voru 996,0 m€ samanborið við 949,7 m€ í árslok 2023.
- Eiginfjárlutfall var í lok árs 49% og eigið fé samtals 488,9 m€.

Helstu atriði úr starfseminni

- Heildar botnfiskveiði jókst milli ára og var 48.092 tonn á móti 43.545 tonnum árið 2023. Þar af var afli togara 46.242 tonn, en árið 2023 var hann 41.779 tonn. Afli á úthaldsdag var 26,6 tonn en árið 2023 var hann 27,2, tonn. Afli línubátsins Kristjáns var 1.850 tonn á árinu, en 1.767 tonn árið 2023. Um mitt ár var frystitogarinn Þerney keyptur og fór hann í sína fyrstu veiðiferð í lok júní. Örfirisey var seld og afhent nýjum eigendum í lok júlí. Helga María stoppaði í fjórar vikur til að sinna hefðbundnum viðhaldsverkefnum. Í heildina voru unnin tæp 23.971 tonn í landvinnslum félagsins samanborið við 25.475 tonn árið á undan. Töluvert minna var unnið af ufsa og karfa en meira af þorski. Norðurgarður vann úr 20.627 tonnum af þorski, ufsa, ýsu og karfa. Kambur vann úr 3.344 tonnum af þorski og ýsu.
- Engin loðnuvertíð og dræm makrílveiði settu stóran svip á rekstur uppsjávarsviðs árið 2024. Heildarafli uppsjávarskipa var 96 þúsund tonn á móti 152 þúsund tonnum árið 2023 þar af var samdráttur í loðnu 48 þúsund tonn og makríl 9.500 tonn, en veiðar gengu vel á síld og kolmunna. Vinnsla gekk vel og framleiðslugæði voru góð. Verð á frystum makríl og síld hækkaði og sala gekk vel. Verð á bæði mjöli og lýsi voru mjög góð þrátt fyrir að verð á lýsi hafi lækkað á seinni hluta ársins.

Rekstur

Rekstrartekjur Brims hf. árið 2024 námu 389,4 m€ samanborið við 437,2 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 65,3 m€ eða 16,8% af rekstrartekjum, en var 97,2 m€ eða 22,2% árið áður. Nettó fjármagnsgjöld voru 17,6 m€ samanborið við 14,3 m€ árið áður.

Ársuppgjör Brims hf. 2024

Fréttatilkynning

Áhrif hlutdeildarféлага voru jákvæð um 14,5 m€, en voru 9,7 m€ árið áður. Munar þar mestu um að áhrif danska félagsins Polar Seafood Denmark A/S eru tekin inn allt árið en voru aðeins inni seinni hluta ársins 2023. Einnig seldi hlutdeildarfélagið Þórsberg ehf. aflaheimildir sem höfðu áhrif til hækkunar á tekjum af hlutdeildarfélögum. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 46,1 m€, samanborið 75,0 m€ árið áður. Gjaldfærður tekjuskattur nam 5,6 m€, en var 12,1 m€ árið áður. Hagnaður ársins varð því 40,5 m€ en var 62,9 m€ árið áður.

Meðalfjöldi ársverka árið 2024 var 661 en var 694 árið 2023. Laun og launatengd gjöld námu samtals 87,6 m€, samanborið við 94,7 m€ árið áður (13,1 milljarðar króna á meðalgengi ársins samanborið við 14,1 milljarða árið áður).

LYKILTÖLUR REKSTRAR

EUR '000	4F 2024	4F 2023	2024	2023
Seldar vörur	105.216	101.746	389.365	437.215
Kostnaðarverð seldra vara	(87.053)	(82.466)	(323.708)	(335.396)
Vergur hagnaður	18.163	19.280	65.657	101.819
Aðrar tekjur	25	74	3.400	369
Útflutningskostnaður	(1.755)	(2.466)	(7.434)	(10.031)
Annar rekstrarkostnaður	(3.268)	(3.231)	(12.382)	(12.599)
Rekstrarhagnaður	13.165	13.657	49.241	79.558
Fjáreignatekjur	1.844	1.763	4.011	4.663
Fjármagnsgjöld	(5.968)	(5.668)	(23.178)	(19.330)
Gengismunur	689	(158)	1.584	399
Áhrif hlutdeildarféлага	8.163	1.523	14.452	9.747
Hagnaður fyrir tekjuskatt	17.893	11.117	46.110	75.037
Tekjuskattur	(1.856)	(2.268)	(5.595)	(12.089)
Hagnaður tímabilsins	16.037	8.849	40.515	62.948
EBITDA	18.254	18.511	65.304	97.224
EBITDA%	17,3%	18,2%	16,8%	22,2%

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 996,0 m€ árslok 2024. Þar af voru fastafjármunir 821,0 m€ og veltufjármunir 175,0 m€. Fjárhagsstaða félagsins er sterk og nam eigið fé 488,9 m€ og var eiginfjárhluftall 49,0%, en var 50,0% í lok árs 2023. Heildarskuldir félagsins í árslok 2024 voru 507,1 m€.

Ársuppgjör Brims hf. 2024

Fréttatilkynning

LYKILTÖLUR EFNAHAGS

EUR '000	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir	820.968	779.419
Veltufjármunir	175.005	170.239
Eignir samtals	995.973	949.658
Eigið fé	488.919	472.808
Langtímaskuldir	398.102	412.885
Skammtímaskuldir	108.952	63.965
Eigið fé og skuldir	995.973	949.658

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 46,1 m€ árið 2024, en var 46,4 m€ árið áður. Fjárfestingarhreyfingar voru 39,5 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 11,4 m€. Handbært fé hækkaði því um 18,0 m€ á tímabilinu og var í árslok 52,1 m€.

LYKILTÖLUR SJÓÐSTREYMI

EUR '000	2024	2023
Handbært fé frá rekstri	46.062	46.442
Fjárfestingarhreyfingar	(39.476)	(138.598)
Fjármögnunarhreyfingar	11.371	(35.641)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	17.957	(127.797)
Handbært fé í árslok	52.135	34.178

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi ársins 2023 (1 evra = 149,31 ísk) voru tekjur 58,1 milljarður króna, EBITDA 9,8 milljarðar og hagnaður 6,0 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á lokagengi ársins 2024 (1 evra = 143,9 ísk) voru eignir samtals 143,3 milljarðar króna, skuldir 73,0 milljarðar og eigið fé 70,3 milljarðar.

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri:

"Afkoma Brims var undir væntingum á árinu og er aðal ástæðan að íslensk stjórnvöld leyfðu engar loðnuveiðar. Úthlutun í djúpkarfa var engin í upphafi ársins og einnig hömluðu stjórnvöld Brimi að veiða stóran hluta síns þorskkvóta í Barentshafi á árinu.

Brim telur að undanfarið hafi átt sér stað þróun við stjórnun fiskveiða á Íslandi sem ekki horfir til heilla hvorki fyrir samfélagið í heild, fyrirtækin í sjávarútvegi eða náttúruna. Íslenska fiskveiðistjórnunin byggir á Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem er alþjóðlegur samningur um réttindi og skyldur ríkja við nýtingu hafsvæða. Ísland hefur verið aðili að þessum samningi frá upphafi. Í Hafréttarsáttmálanum er lögð rík áhersla á að stjórnvöld í hverju ríki vinni með atvinnugreininni og hagaðilum við mótun á langtíma nýtingarstefnu fiskistofna í sinni lögsögu, eins og áréttað er í siðareglum FAO um ábyrgð í fiskimálum frá 1995.

Að mati okkar í Brimi hefur samtal stjórnvalda við starfsfólk og stjórnendur í sjávarútvegsfyrirtækjum að miklu leyti fallið niður. Hafrannsóknarstofnun er einn hagaðila og er undirstofnun stjórnvalda og þar með ráðherra og á síðasta áratug hefur ráðherra sjávarútvegs æ oftár ákveðið að fara aðeins að tilmælum sinnar undirstofnunar varðandi nýtingu fiskistofna en ekki átt samtal við aðra hagaðila eða tekið tillit til annara sjónarmiða. Síður hefur verið hlustað á eða haft samstarf við forustufólk sjávarútvegsfyrirtækjanna eða skipstjóra fiskiskipanna um þessar mikilvægu ákvarðanir. Þessi þróun er ekki í samræmi við siðareglur FAO um ábyrgð í fiskimálum og er að mati okkar í Brimi áhyggjuefni fyrir íslenska þjóð.

Þá hefur að mati okkar í Brimi dregið úr samtali milli Alþingis og starfsfólks sjávarútvegsráðuneytisins við fólk í sjávarútvegi um breytingar á lögum eða útfærslur á nýjum lögum og reglugerðum. Það er óheppilegt því mikilvægt er að reynsla og þekking á undirstöðum greinarinnar endurspegli ný lög og nýjar reglur. Það er mín von að nýjir alþingismenn og ráðherrar breyti þessari þróun og taki upp faglegt og opið samtal við fólk í sjávarútvegi og ákvarðanir verði teknar með gagnsæum og faglegum hætti.

Þó afkoman hjá Brimi hafi ekki verið ásættanleg á síðasta ári sýnir uppgjórið að rekstur og efnahagur félagsins er traustur. Ánægjulegt er að sjá hvað fjárfestingar Brims á undanförunum árum í dóttur- og hlutdeildarfélögum styðja núna vel við félagið. Eignir félagsins eru 143,3 milljarðar króna og þar af bókfært eigið fé 70,3 milljarðar.

Sú staðreynd að afkoma sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi er veik í dag þegar horft er til ávöxtunar á bókfært eigið fé, sem viðskiptalíf um allan heim horfir til, virðist ekki breyta því almenna viðhorfi hér á landi sem birtist í nær allri umræðu um sjávarútveg að greinin sé takmarkalíf og fyrirhafnarlaus uppspretta skatta sem nýta megi í allt annað en framfarir í greininni. Stjórnmalaflokkar ganga á lagið eins og við sjáum þegar nýjir flokkar taki við völdum í ríkisstjórn að þá minnkar ekkert óvissan í rekstrarumhverfi sjávarútvegsins. Í dag boðar ný ríkisstjórn aukin veiðigjöld og aðkomu samkeppnisyfirvalda að greininni en hún er sú eina í landinu þar sem lög hamla vexti fyrirtækja löngu áður en þau ná stöðu sem ógnar alþjóðlegum og innlendum samkeppnisviðmiðum. Er svo komið að rekstrarumhverfið og framtíðarhorfur í

greininni eru þannig að bæði stofnanafjárfestar og almennir fjárfestar sýna sjávarútvegsfyrirtækjum sífellt minni áhugi enda ávöxtun meiri í rekstri fasteigna- og verslunarfélaga eða fjármálafyrirtækja.

Ég hvet stjórnvöld til að auka fyrirsjáanleika sem er nauðsynlegur í grein eins og sjávarútvegi og einnig í auðlindanýtingu almennt þar sem fjárfestingar eru miklar og fyrirsjáanleiki er nauðsynlegur til að hægt sé að nýta þessar miklu fjárfestingar til að auka velsæld. Með auknum stöðugleika og farsælu samstarfi atvinnulífsins og stjórnvalda skapast forsendur til verðmætasköpunar sem er forsenda velferðar á okkar eyju.”

Aðalfundur

Aðalfundur Brims hf. verður haldinn fimmtudaginn 20. mars 2025 klukkan 16:30. Nánari upplýsingar verða veittar á heimasíðu félagsins www.brim.is.

Tillaga stjórnar á aðalfundi um arðgreiðslu

Samkvæmt stefnu félagsins sem kynnt var í skráningarlýsingu félagsins árið 2014 leggur stjórn félagsins til að arðgreiðsla á árinu 2025 vegna rekstrarársins 2024 verði 1,5 kr. á hlut, eða 2.888 millj. kr. (um 20,1 millj. evra á lokagengi ársins 2024), eða 2,0% af markaðsvirði hlutafjár í lok árs 2024. Arðurinn verði greiddur 30. apríl 2025. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfnum er 21. mars 2025 og arðleysisdagur því 22. mars 2025.

Arðsréttindadagur er 25. mars 2025. Arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá félagsins í lok arðsréttindadags.

Samþykkt ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum Brims hf. 27. febrúar 2025. Ársreikningurinn er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS – International Financial Reporting Standards) og hefur verið endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Kynningarfundur þann 27. febrúar 2025

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta verður haldinn fimmtudaginn 27. febrúar klukkan 16:30 að Norðurgarði 1, þar mun Guðmundur Kristjánsson forstjóri félagsins kynna uppgjörið. Fundurinn verður einnig rafrænn og hægt verður að fylgjanst með fundinum á www.brim.is/streymi. Velkomið er að senda spurningar fyrir fundinn eða á meðan fundi stendur á netfangið fjarfestatengsl@brim.is. Spurningum verður svarað í lok fundar.

Brim hf.

Brim er öflugt sjávarútvegsfyrirtæki sem starfar í sátt við samfélagið og umhverfið. Við stuðlum að verðmætasköpun með vöruþróun, tæknilausnum og öflugu starfsfólki. Við tryggjum með ábyrgum veiðum og vinnslu, þar sem áhersla er á sjálfbærni og nýsköpun, að sjávarútvegur verði áfram burðarstólpi í íslensku samfélagi. Við leitum allra leiða til að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið hvort sem er á sjó eða í landi.

Ársuppgjör Brims hf. 2024

Fréttatilkynning

Fjárhagsdagatal

Aðalfundur	20. mars 2025
Arðgreiðsludagur	30. apríl 2025
Fyrsti ársfjórðungur	27. maí 2025
Annar ársfjórðungur	28. ágúst 2025
Þriðji ársfjórðungur	20. nóvember 2025
Fjórði ársfjórðungur	26. febrúar 2026

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kristjánsson forstjóri, sími 550-1000.